

## Umsögn um listaver við Hrólfskálavör

Búið til	3.5.2022 15:30:09
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	3.5.2022 15:30:07
Tilheyrir	202204-0030 - Umsagnarbeiðni um útilistaverk við Hrólfskálavör.

### Efni

Umsögn um listaver við Hrólfskálavör

### Upplýsingar

### Vinnsla

Sent	3.5.2022 15:30:07	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

### Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	postur@seltjarnarnes.is

### Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202204-0030 (SS).

Vísað er til bréfs frá Seltjarnarnesbæ, dags. 7. apríl 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um uppsetningu á listaverkinu 12<sup>th</sup> Hour í fjöruna fyrir neðan Hrólfskálavör á Seltjarnarnesi.

Staðsetning listaverksins er í lítt raskaðri fjöru sem fellur innan svæðis sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjöruvistgerða og fugla. Þarna eru klóþangsfjörur sem hafa hátt verndargildi. Allt rask er því almennt óæskilegt á þessum slóðum. Listaverkið sjálft er ekki stórt en að koma því fyrir mun valda einhverju staðbundnu raski á þangfjörunni. Þá er ekki fjallað um hvernig aðkoma fólks að listaverkinu verður en á þessu svæði í dag er ekki gott aðgengi að fjörunni þar sem einkalóðir ná út að fjörumörkum og enginn göngustígur liggur þar meðfram. Því má velta fyrir sér hver þörfin er fyrir listaverk á þessum tiltekna stað ef fáir munu geta skoðað það í návígi.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....  
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.  
Sími/Tel: (354) 5 900 500.      [www.ni.is](http://www.ni.is) (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

## Viðhengi

image001.png (5 KB)

image001.png (5 KB)